



Benelli

5 ára ábyrgð á öllum nýjum byssum



Nova pumpa - 12-ga. 3 1/2"



Ný M2 Field, ComforTech™ - 12-ga. 3"



Sport II - 12-ga. 3"

Dreifing:

Veidihúsid

Hólmaslökk 1 · 101 Reykjavík · Sími 562-0095/898-4047 · www.veidihusid.is

VEIÐIDAGBÓK



UST
Umhverfisstofnun

2007

VILLT VEIÐI?

www.rs.is



GPSmap 60Cx

Eitt öflugasta staðsetningartækið með SiRF GPS móttakara, 64Mb Micro SD minnskubb fyrir kort, mikið vegpunkt- og ferilminni ásamt vegleiðisöguólva. Fjölhæft tæki í bílinn, veiðina eða á fjallið.

Nýtt GPS kort

Nýtt kort fyrir Garmin, með götum, heimilisföngum og hæðarlínum. GPS kort, útgáfa 3.0, er vektor kort af Íslandi fyrir Garmin GPS tæki með leiðsöguhæfum vegagögnum um allt land. Láttu ekki afvegaleiða þig – veldu Garmin.



GARMIN

R. SIGMUNDSSON

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 www.garmin.is

Umboðsmenn | Akureyri: Haftækni - Blönduós: Krákur - Egilsstaðir: Bilanaust - Grundarfjörður: Mareld ísafjörður: Bensinstöðin Reyðarfjörður: Veiðiflugan - Selfoss: Hársnyrtstofa Le ís Vestmannaeyjar: Geisli - Reykjavík: Arctic Trucks, Bilanaust, E,ko, Everest, Hlað, Íntersport, Max raftæki, Motormax, Stormur, Toyota aukahlutir, Útillf, Vesturröst - Fríhöfnin

EFNISYFIRLIT

12. árgangur



UST

Umhverfisstofnun
Veiðistjórnunarsvið

Leiðari	2
Refir og minkar	3
Sjófuglar við Ísland	6
Beiðni um vængi vegna gæsa- og andarannsókna	13
Minkaveiðiátak á árunum 2007 til og með 2009	14
Minkurinn, mesta umhverfisslys Íslands?	16
Veiðiskýrslan 2007	20
Veiðidagbók veiðimannsins	22
Happdrætti	30
Veiðikortakerfið	32
Veiðitölur	34
Fríðlýst svæði	37
Kort af fríðuðum svæðum	40
Fuglamerki, hvað á að gera við þau?	42
Boð og bönn	44
Veiðitímabil, tafla	48

Veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunar gefur þennan bækling út og er hann kostaður með auglýsingum.

Veiðistjórnunarsvið • Borgir v/Norðurlóð • 600 Akureyri

Sími: 460 7900 • Bréfasími: 460 7901

Heimasíða: www.ust.is • Tölvupóstur: veidistjorn@ust.is

Ljósmynd á forsíðu: Einar Guðmann

Prentvinnsla: Ásprent • 600 Akureyri • Sími 4 600 700

Ritstjóri: Þjarni Pálsson, verkefnisstjóri veiðikorta

Ábyrgðarmaður: Áki Ármann Jónsson, forstöðumaður veiðistjórnunarsviðs

Útgáfunúmer UST-2007:2



ÁKI ÁRMANN JÓNSSON FORSTÖÐUMAÐUR

VEIÐISTJÓRNUNARSVIÐS UMHVÆRFISSTOFNUNAR

Friðun blesgæsar

Síðasta sumar tilkynnti umhverfisráðherra þá ákvörðun sína að alfríða blesgæsina um óakveðinn tíma. Blesgæsin hefur átt undir högg að sækja á varpstöðvum sínum síðastliðin ár og hefur viðkoma hennar brugðist nokkur ár í röð. Stofninn hefur af þessum sökum minnkað töluvert og ástæða þótti til að banna veiðar til að hjálpa blesgæsinni að rétta úr kútnum. Árleg veiði á blesgæs hefur verið rúmlega 3.000 fuglar.

Minkaveiðiátak á Snæfellsnesi og í Eyjafirði

Tilraunaátak til þess að útrýma mink er hafið á tveimur stöðum á landinu, á Snæfellsnesi og í Eyjafirði. Átakið á að standa í þrjú ár og að þeim tíma loknum mun árangur verða metinn og framhald ákveðið.

Og svo auðvitað blessuð rjúpan!

Hvatningarátak meðal veiðimanna haustið 2005 skilaði sér í mun minni veiði á rjúpu. Veiðitölur ársins 2005 benda til þess að um 75-80.000 rjúpur hafi verið skotnar á því hausti, sem er um helming minnkun frá því að veiðistofn rjúpu var jafnstór á árunum 1996-1998. Talningar um vorið 2006 sýndu hinsvegar ekki þá fjölgun sem búast mátti við og var slæmu tíðarfari og vorhreti kennt um. Athyglisvert var að engin hrein lína var í niðurstöðum, fækkun á friðuðum svæðum og fjölgun á mikið veiddum svæðum og allt þar á milli.

Það verður því spennandi að fá niðurstöður talningar næsta vor og sumar því ef talning leiðir í ljós áframhaldandi fækkun þá er næsta víst að náttúruleg niðursveifla rjúpunnar sé hafin.

ÁKI ÁRMANN JÓNSSON FORSTÖÐUMAÐUR

VEIÐISTJÓRNUNARSVIÐS UMHVÆRFISSTOFNUNAR

Mjög góð skil voru á skýrslum frá sveitarfélögum vegna refa- og minkaveiða á árinu 2006 eins og undanfarin ár.


Skil á skýrslum hafa batnað síð-

ustu árin með fækkun og stækkun sveitarfélaga. Hér að neðan eru kostnaðartölur fyrir árið 2006 og til samanburðar kostnaðurinn fyrir árin 2005 og 2004.


Tafla 1. Yfirlit yfir refa- og minkaveiði árið 2006. Tölur frá 2005 og 2004 til samanburðar.

	Refir			Minkar		
	2006	2005	2004	2006	2005	2004
Veidd dýr	5.420	5.325	5.688	6.418	7.024	7.116
Vinnustundir	14.271	14.657	14.174	10.356	13.805	15.009
Eknir km.	61.846	54.428	65.786	65.952	84.995	80.875
Kostn. millj. króna	67	61	63	39	45	45
Kostn. pr. veitt dýr	12.362	11.455	11.076	6.077	6.407	6.324
Vinnustundir pr. veitt dýr	2,6	2,8	2,5	1,61	1,97	2,11
Eknir km. pr. veitt dýr	11,4	10,2	11,6	10,3	12,1	11,4

Refaveiði 1957-2006



Minkaveiði 1957-2006



Tafla 2:

	Hlauparefir	Grendýr	Yrðlingar	Samtals
2006	2.687	858	1.875	5.420
2005	2.151	991	2.183	5.325
2004	2.340	1.084	2.264	5.688
2003	2.154	833	1.845	4.832
2002	2.571	790	1.907	5.268
2001	1.860	881	1.936	4.677
2000	1.899	757	1.812	4.468
1999	2.073	731	1.769	4.573
1998	1.476	629	1.669	3.774

Ein allra bestu kaupin sem hægt er að gera í pumpu í dag
SPORTVÖRUGERÐIN SKIPHOLT 5 5628383

SJÓFUGLAR VIÐ ÍSLAND



ARNÞÓR GARÐARSSON

LÍFFRÆDISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Á síðastliðnu ári fékk Líffræðistofnun HÍ styrk úr Veidkortasjóði til rannsókna á íslenskum sjófuglastofnum. Rannsóknirnar eru unnar í samstarfi við Guðmund A. Guðmundsson á Náttúrufræðistofnun Íslands og Kristján Lilliendahl á Hafrannsóknastofnun og beinast einkum að því að efla vöktun sjófuglastofna. Einnig hafa fengist styrkir til verkefnisins frá Rannís og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Unnið er í samvinnu við Náttúrustofur í Sandgerði, Stykkishólmi, á Bolungavík, Húsavík og í Vestmannaeyjum og er gert ráð fyrir að þær taki yfir vöktunarhlutverkið þegar þriggja ára aðlögunartímabili lýk-

ur. Rannsóknir af þessu tagi eru undirstaða þess að hægt sé að skilja áhrif umhverfisins og meta áhrif mannsins. Umhverfisþættir sem hafa bein áhrif á stofna eru fæða og ýmis skakkaföll af völdum rándýra og sýkla. Loftslagsbreytingar og tengdar breytingar á straumum og efnaflutningi í hafinu hafa einkum áhrif á fuglastofna gegnum fæðuna. Að auki veldur maðurinn mengun sjávar og hefur bein og óbein áhrif af völdum fiskveiða. Bein áhrif héraendis eru af völdum fuglaveiða og eggjatöku, en truflun getur einnig komið við sögu. Ýmsir sjófuglar eru mikilvægir í hlunnindanyttjum og veiðiskap hér á landi. Eggjatekja er mjög mikil-

væg en hún kemur ekki fram í skýrslum. Samkvæmt veiðiskýrslum 1995-2002 er heildarveiði á svartfugli (langvíu, stuttnefju og álku) að meðaltali rúmlega 100.000 fuglar á ári og lunda um 165.000, en aðrar sjófuglategundir eru minna veiddar.

Verulegur hluti af sjófuglastofnum Norður-Atlantshafs verpur á Íslandi, t.d. um eða yfir helmingurinn af álku, lunda og skúm. Lundinn er eflaust algengasti sjófugl hér við land, og skiptir fjöldi hans sennilega um þremur milljónum para, en erfitt er að meta stærð lundastofnsins og verður hann ekki frekar ræddur hér. Fjöldi fjögurra bjargfuglategunda var áætlaður á árunum 1983-1985, en þá töldust rituhreiður liðlega 600.000, langvíupör voru tæplega 1.000.000, stuttnefjupör 600.000 og álka 400.000 pör. Ritan verpur aðallega norðanvert á landinu, en svartfuglinn langmest (80-90%) á Vestfjörðum, í Látrabjargi, Hælavíkurbjargi og Hornbjargi.

Fýllinn er líka algengur í fuglabjörgunum, en mikið af fýl verpur í öðrum björgum, stundum fjarri sjó. Eftir að fyrstu tölur um fjölda bjargfugla komu fram lá beint við að reyna að fylgjast með stofnbreytingum og hafa fuglar verið taldir með nokkurra ára millibili sitt hvoru megin á landinu, í Hafnabergi og Krísvíkurbergi á Reykjanesskaga og Skoruvíkurbjargi á Langanesi. Einnig var talið aftur á Snæfells-



nesi og í Drangey. Þrjú munstur komu í ljós: Langvía og álka voru í jafnvægi eða fjölgaði lítillega fram undir aldamót, en vorið 2005 hafði þeim fækkað bæði suðvestanlands og á Langanesi. Breytingar á fjölda ritu voru ekki samstiga milli landshluta. Fyl fækkaði að meðaltali um 2-3% á hverju ári, en stuttnefju um 7% á ári. Aðferðir til þess að telja í fuglabjörgunum eru allbreytilegar, bæði eftir tegundum og byggðum. Þar koma við sögu beinar talningar á vettvangi en einnig er myndatöku mikið beitt, úr lofti, landi og af sjó. Þeim sem vilja kynna sér aðferðirnar skal bent á greinar í tímaritinu Blika (Arnþór Garðarsson Bliki 16. bindi, 1995, 17. bindi, 1996 og 27. bindi, 2006).

Fyl er farið að fækka

Hér og annars staðar við Norður-Atlantshaf hefur fyl verið að fjölga á síðustu tveimur öldum. Nú hefur þetta snúist við og fyl hefur fækkað hér á landi að

meðaltali um 2,6% á ári þessa tvo áratugi og það sama virðist einnig vera að gerast á Bretlandseyjum. Fýlnum hafði áður fjölgað öldum saman bæði hér á landi og á Bretlandi, og er fjölgunin oft talin hafa byrjað á 18. öld. Fjölgun fýlsins hefur verið vandlega skráð, en skýringar á þessari fjölgun hafa aldrei verið neitt sérlega vel undirbyggðar, enda lítið um beinharðar staðreyndir í þeirri sögu. Allt fram á síðasta áratug litu menn á fjölgun fýlsins sem eins konar náttúrulögmál, óhjákvæmilega framvindu. Nú, þegar fyrstu merki fækkunar virðast vera að koma í ljós, er kannski tímabært að reyna að skýra orsakasamhengið í stofnvistfræði fýlsins. Fýllinn er ein af þeim fuglategundum sem hafa getað nýtt hvalveiðar, fiskveiðar og úrgang til fæðuöflunar, en hann nýtir einnig sjófang sem hann aflar án milligöngu manna, bæði uppsjár-fisk og svífdýr. Á síðustu árum hafa komið í ljós langtímabreytingar á magni rauðátu sem sýna

fylgni við svonefnda Norður-Atlantshafs sveiflu (NAO) sem er veðurfarsvísitala byggð á loftþrýstingsmun milli Íslands og Asíreyja. Rauðátan hefur minnkað stórlega á síðustu áratugum um leið og NAO talan hefur hækkað. Jafnframt sýnir langtímarannsókn á Orkneyjum neikvætt samband milli NAO og fjölda fýls. Rauðata er það mikilvæg undirstaða í fæðuvefnum, að viðgangur hennar hlýtur að hafa mjög viðtæk áhrif á aðra stofna. Þótt hér séu vísbendingar á ferð, vantar enn gögn, sem sýna hvernig tengslunum er háttað.

Mikil fækkun stuttnefju

Stuttnefju fækkaði um nærri 7% á ári á öllum talningastöðum og samanburður við fyrri talningar Þorsteins Einarssonar (sbr Náttúrfr. 49. bindi, 1979) bendir til að þessi fækkunin eigi sér lengri aðdraganda. Stuttnefjan er norðlægur fugl og því freistandi að benda á hlýnun loftslags sem or-

sök fækkunar hér á suðurmörku- og útbreiðslunnar. Á Grænlandi og í austanverðu Kanada hefur stuttnefju löngum fækkað. Upp úr 1980 var áætlað að stuttnefju um við Kanada hefði fækkað um 20-40% frá 1955, eða 1-2% að meðaltali á ári, sem er álíka fækkun og hægt er að áætla fyrir íslenska stofninn á svipuðum tíma. Á þessum árum var einkum bent á tvær orsakir fyrir fækkun stuttnefju: þær færust unnvörpum í reknetjum, einkum laxanetjum sem síðar voru bönnuð, og einnig væri stuttnefjan ofveidd, bæði á Grænlandi og við Labrador og Nýfundnaland. Fækkun stuttnefju á V-Grænlandi hefur haldið áfram og í nýlegri grein eru bornar saman tölur frá 1905-1920 í fuglabjörgum á 70-72°N við nýlegar tölur frá árinu 2000 (Burnham o.fl., Dansk. Orn. Foren. Tidsskr., 99. bindi, 2005). Niðurstöðurnar eru ógnvekjandi: í björgum, þar sem áður voru kringum 500.000 stuttnefjupör alls, voru nú engin pör, og engar spurnir voru af þessari

tegund á svæðinu eftir 1984. Kanadamegin hefur hins vegar fjölgað á síðari árum. Merkingar benda til þess að vetrarveiðar hafi ekki haft teljandi áhrif á breytingar á fjölda stuttnefju við Hudsonflóa. Merktar íslenskar stuttnefjur hafa náðst bæði við V-Grænland og Nýfundnaland og íslenskar stuttnefjur eru því á ferð vestan við Grænland, þar sem veiðiálag er talið vera mikið. Hins vegar er álitamál að það álag nægi til að skýra fækkun hér á landi sem gæti eins stafað af breytingum á átu sem rekja má til hlýnandi loftslags.

Léleg afkoma ritu og ótrygg áta

Fjöldi rituhreiðra í Krísuvíkurbergi var um 30.000 um miðjan áttunda áratuginn og var í lágmarki, um 21.000, árið 1985. Eftir það fór ritu fjölgandi og árið 2005 voru hreiðrin rúmlega 40.000. Fjöldinn í Hafnabergi hagaði sér líkt og í Krísuvík. Á Snæfellsnesi var fjöldi ritu svo til

sá sami árið 2005 og 1983, rúmlega 16.000 hreiður. Í Skoruvíkurbjargi voru allt að 80.000 rituhreiður á tímabilinu 1986-1999, en sumarið 2005 hafði þeim fækkað gríðarlega, í 20.000 hreiður. Athygli vekur að fjöldi ritu á suðvestur- og norðausturlandi breyttist ekki í takt. Svo virðist sem ritan hafi getað komist af á vestanverðu landinu þrátt fyrir loðnuleysi vorið 2005. Þar gat hún aflað nægilegs ætis um sumarið til að fóðra ungana. Austanlands virðist hins vegar hafa ríkt algert átuleysi og það hefur orðið til þess að ritan annað hvort drapst eða kom ekki til varps.

Breytingar á stofnum langvíu og álku

Fjöldi langvíu var nærri því að vera í jafnvægi. Langvíunni fjölgaði hægt, að meðaltali um 1% á ári, frá 1985 til aldamóta, en helmings fækkun hafði orðið árið 2005. Erfiðara er að meta fjölda álku, en talningar benda þó til

þess að fjöldi álku hafi breyst á svipaðan hátt og fjöldi langvíu og mikil fækkun orðið árið 2005. Líklegasta skýringin á stofnþróun langvíu og álku virðist vera sú að þær hafi í fyrstu ekki skort fæðu, en síðan hafi það gerst, að helstu fæðustofnarnir, loðna og sandsíli, hafi meir og minna brugðist samtímis. Erfitt er að spá um framhaldið, en allmargar fæðutegundir koma við sögu og þess vegna gæti núverandi stofnlægð varað stutt.

Niðurlag

Þegar undanfari þessara rannsóknna fór fram var lítið vitað um það hvort og hvernig fjöldi bjargfugla myndi breytast með árunum. Fjóllega upp úr aldamótun-

um fóru að koma í ljós breytingar á fjölda og viðkomu, einkum hjá tegundum sem lifa mikið á sandsíli, en einnig hægfara fækkun tveggja norrænna úthafstegunda, fýls og stuttnefju. Bjargfuglar sjást vel og frá fuglabjörgunum leggur oft klið og fnyk, þannig margir taka eftir þeim. Margar tegundir eru nytjaðar á varpstað hér á landi. Svartfuglinn er auk þess töluvert mikið skotinn á sjó á veturna og snemma vors. Dauða sjófugla rekur oft og safnast þá fyrir í flóðfarinu (sjá t.d. Ólaf K. Nielsen & Ólaf Einarsson, Náttúrufr. 72. bindi, 2004). Allt gerir þetta að verkum að einhverjir eru líklegir til að taka eftir því þegar breytingar verða á högum þessara stofna. Stór áföll og skyndi-



MAVERICK
Ein allra bestu kaupin sem hægt er að gera í pumpu í dag
SPORTVÖRUGERÐIN SKIPHOLT 5 5628383

legar upptakur eru þó líklegri til þess að vekja eftirtekt heldur en hægfare breytingar, sem erfitt er að meta nema með nákvæmum talningum.

Eðlileg krafa til þeirra sem vilja á einhvern hátt nýta villta stofna er að fylgst sé með ástandi stofnanna og reynt að viðhalda þeim eftir bestu getu. Til þess þarf að meta breytingar á stofnunum og orsakir þeirra,

og því er nauðsynlegt að fylgjast vel með þeim. Í það minnsta þarf að meta fjölda og viðkomu á hverju ári, en það þarf líka að fylgjast með umhverfisbreytingum, svo sem fæðu, veðráttu, ástandi sjávar og áhættuþáttum af mannavöldum (mengun, fuglaveiðum og áhrifum af völdum fiskveiða og veiðarfæra). Allt kallar þetta á mælingar og rannsóknir sem ekki skila árangri nema þær standi í langan tíma.



Beretta SO10EELL
Verð kr. 8.300.000

Ísnes ehf. www.isnes.is

BEIÐNI UM VÆNGI VEGNA GÆSA- OG ANDARANNSÓKNA



ARNÓR Þ. SIGFÚSSON OG HALLDÓR W. STEFÁNSSON

Út frá gæsa- og andavængjum úr veiðinni að hausti má lesa hlutfall unga frá sumrinu á undan og þannig fá hugmynd um hvernig varp hefur tekist. Því óskum við eftir því eins og áður að fá að skoða vængi frá veiðimönnum af öllum tegundum gæsa og anda. Annað hvort getum við mætt á staðinn ef því verður við komið og aldursgreint aflann eða þið getið sent til okkar annan vænginn af þeim fuglum sem þið skjótið. Vinsamlegast hafið samband við Arnór Þ. Sigfússon í síma 843 4924 eða ef þið eruð á Austurlandi þá hafið samband við Halldór W. Stefánsson í síma 471 2553. Þið getið einnig sent okkur tölvupóst á arnor.sigfusson@vst.is og doco@simnet.is

Ef vængir eru geymdir og



sendir þá má ekki geyma þá lengi í plasti því þannig úldna þeir strax. Best er að leyfa þeim að þorna og setja svo í pappakassa. Ef vængir eru höggðir af þá sendið alltaf vængi sömu megin af öllum fuglunum, t.d. hægri væng. Látið fylgja með nafn, síma, heimilisfang og/eða netfang og hvenær fuglarnir voru veiddir og á hvaða stað eða veiðisvæði skv. veiðidagbók veiðistjórnunarsviðs.

*Með ósk um gott samstarf.
Arnór Þ. Sigfússon og
Halldór W. Stefánsson*

MINKAVEIÐIÁTAK Á ÁRUNUM 2007 TIL OG MEÐ 2009



INGIMAR SIGURÐSSON

SKRIFSTOFUSTJÓRI UMHVERFISRÁÐUNEYTIS

Umhverfisráðherra hefur ákveðið að ráðast í sérstakt veiðiátaksverkefni (tilraunaverkefni) á Snæfellsnesi annars vegar og í Eyjafirði hins vegar á árunum 2007 til og með 2009. Verður varið til verkefnisins samtals 135 millj. kr. á þessu tímabili. Á vegum ráðuneytisins starfar sérstök nefnd sem hefur umsjón með veiðiátakinu. Ætlunin er með átakanu að kanna möguleika á útrýmingu minks á þessum svæðum með það í huga að ráðast í landsátak í framhaldinu gefi niðurstaða tilefni til. Á Snæfellsnesi nær svæðið yfir sveitarfélögin Snæfellsbæ, Helgafellssveit, Grundarfjarðarbæ, Eyja- og Miklaholtshrepp og Stykkishólmsbæ. Í austri er miðað við línu frá Álftafirði í norðri,

suður yfir fjallgarðinn, um Hafursfell og þaðan í sjó að Löngufjörum. Um er að ræða alls 1300 km² svæði. Í Eyjafirði nær svæðið yfir sveitarfélögin Dalvíkurbyggð, Arnarneshrepp, Hörgárbyggð, Eyjafjarðarsveit, Akureyrarkaupstað, Svalbarðsstrandarhrepp og Grýtubakkahrepp. Svæðið afmarkast við austan- og vestanverðan Eyjafjörð frá botni og til norðurs að Kaldbaki að austan og að Ólafsfjarðarmúla að vestan, þar með taldir Þverdalir, Hörgárdalur, Öxnadalur og Svarfáðardalur. Svæðið er um 3900 km² að stærð.

Þegar eru hafnar rannsóknir á vegum Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi skv. samningi við Náttúrufræðistofnun Íslands með

það að markmiði að afla upplýsinga um árangur veiðiátaks á minkum á Snæfellsnesi árið 2007 og þannig fá haldgóðar upplýsingar um náttúruleg vanhöld minka að vetrarlagi og þætti sem hafa áhrif á þau, kanna hvort veiðiátakið hafi áhrif á líkamsástand, frjósemi og aldursdreifingu minkastofnsins á veiðisvæðunum og rannsaka hvort merkja megi áhrifa veirusjúkdómsins Plasmacytosis á minkastofninn. Ætlunin er að nýta niðurstöðurnar til að áætla kostnað og skipuleggja aðgerðir við hugsanlega útrýmingu minks á landsvísu. Rannsóknirnar eru í meginatriðum tvískiptar. Annars vegar merking minka á Snæfellsnesi og rannsókn á afdrifum þeirra og hins vegar athugunar á minkahræjum bæði frá Snæfellsnesi og Eyjafirði.

Gerður hefur verið samningur við Umhverfisstofnun um framkvæmd veiðiátaksins og ráðinn sérstakur verkefnisstjóri, Arnór P.

Sigfússon, fuglafræðingur. Á svæðunum munu einungis starfa veiðimenn skv. samningi við Umhverfisstofnun. Veiðarnar munu standa frá 2007 til og með 2009. Átakanu lýkur með útgáfu skýrslu um veiðarnar og mat á árangri sem lagt verður til grundvallar frekari aðgerða á landsvísu.

Vakin er sérstök athygli veiðimanna á þessu átaki og að eingöngu munu koma að veiðunum þar til ráðnir veiðimenn. Því er afar mikilvægt að aðrir veiðimenn sem veiða minka á þessu svæði skili hræjunum til Umhverfisstofnunar, veiðistjórnunarsviðs, Akureyri eða Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi.

Nánari upplýsingar um framkvæmd átaksins veita Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, formaður umsjónarnefndar með átakanu og Arnór P. Sigfússon, verkefnisstjóri.

MINKURINN MESTA UMHVERFISSLYS ÍSLANDS?



SIGMAR B. HAUSSON

Formaður Skotveiðifélags Íslands

Náttúran breytist stöðugt. Margir þættir hafa áhrif á hana, - veðurfar, ágangur sjávar, eldgos og fleiri þættir. Þessar breytingar eru eðlilegar – hluti af eðli náttúrunnar. Stórfelldustu breytingar á náttúrunni og um leið þær hættulegustu eru af mannavöldum. Þurrkun votlendis, gerð vega og uppistöðulóna, lagnir síma og rafmagnsína, mengun andrúmsloftsins og vatnsins. Öll þessi manna verk hafa hörmulegar afleiðingar fyrir náttúru landsins. En eitthvert mesta náttúruslys í sögu íslensku þjóðarinnar var þegar aliminkar voru fluttir hingað til lands árið 1931. Minkuirn slapp fljótlega úr búrum sínum og fyrsta grenið fanst við Elliðaárnar 1937.

Menn gerðu sér fljótlega grein fyrir því að minkurinn væri gríðarlegur skaðvaldur. 1940 var farið að greiða fyrir eyðingu minks og 1958 hófst skipulögð herferð gegn minknum. Þrátt fyrir að gríðarlegum fjárhæðum sé varið til eyðingar minks þá er ekki betur séð annað en að honum fjölgi heldur og að hann sé enn að dreifa sér um landið.

Þó svo að minkastofninn sveiflist nokkuð þá er veiðin svipuð frá ári til árs eða um 6 — 7.000 dýr. Afar brýnt er að gera allt til þess að útrýma minknum úr íslenskri náttúru eða í það minnsta að halda honum í skefjum. Þess vegna hefur Skotveiðifélag Íslands hafið átak til eyðingar minks. Átakið fer fram á eftirfarandi hátt:

Hver sá sem drepur mink sendir mynd af sér og bráðinni til Skotvís, - eða að þeir sendi bréf þar sem einhver vottfestir að viðkomandi hafi veitt mink. Að launum fær veiðimaðurinn fallett barmmerki þar sem mótivið er minkur. Þá fer nafn viðkomandi í pott sem er dregið úr 1. desember. Þrír heppnir veiðimenn fá þá vegleg verðlaun.

Keppt verður í 3 flokkum:


- A. Veiðar í gildru.
- B. Veiðar með skotvopni.
- C. Veiðar með hundi.

Veitt verða verðlaun í hverjum flokki fyrir sig. Rétt er að taka fram að öllum er heimil þátttaka í átaki þessu.

Tilfni er til að benda á að ekki þarf veiðkort til minkaveiða.

Þá viljum við hvetja veiðimenn til að fara í gönguferðir með ám og lækjum í mars og apríl því þá er fengitími minksins og steggirnir gjarnan á ferðinni.

Frekari upplýsingar um minkaveiðiáttak Skotveiðifélags Íslands er að finna á www.skotvis.is




Hagsmunasamtök Íslenskra skotveiðimanna

Skotveiðifélag Íslands eru einu
hagsmunasamtök skotveiðimanna á
landsvísu.

Með félagsaðild að SKOTVÍS
stendur þú vörð um
hagsmuna- og réttindamál
Íslenskra skotveiðimanna.

Með því að taka þátt í
starfsemi SKOTVÍS tryggir
þú að við getum stundað
skotveiðar í Íslenskri náttúru
um ókomin ár.



Allir meðlimir
Skotveiðifélags
Íslands fá
árlega sent
vandað tímarit
um byssur og
skotveiðar.



SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS

Holtagerði 32 - 200 Kópavogur

Sími: 551 4574 - 893 4574

Tölvupóstfang: skotvis@skotvis.is

Heimasíða: www.skotvis.is

Svona lítur veiðiskýrslan út fyrir árið 2007

	VE	VF	NV	NE	AU	SU	FJÖLDI SAMT: VEIÐIDAGA	
Svartbakur								
Silamáfur								
Silfurmáfur								
Hrafn								
Grágæs								
Heiðagæs								
Fýll								
Dilaskarfur								
Toppskarfur								
Blesgæs								
Helsingi								
Stökkönd								
Urtönd								
Rauðhöfðaönd								
Duggönd								
Skúfönd								
Hávella								
Toppönd								
Hvítmáfur								
Hettumáfur								
Rita								
Álka								
Langvia								
Stuttnefja								
Teista								
Lundi								
Rjúpa								
Kjói								
Refur								
Minkur								
Hreindýr								



fluguveiði.is
vefur veiðimannsins

fróðleikur um stangveiði og skotveiði

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags: _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Skotanutkun: _____

Tegund

kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags: _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Skotanutkun: _____

Tegund

kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags: _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Skotanutkun: _____

Tegund

kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags: _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Skotanutkun: _____

Tegund

kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags: _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Skotanotkun: _____

Tegund kk ung. kk fullo. kvk ung. kvk fullo. samtals

	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	samtals

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags: _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Skotanotkun: _____

Tegund kk ung. kk fullo. kvk ung. kvk fullo. samtals

	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	samtals

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags: _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Skotanotkun: _____

Tegund kk ung. kk fullo. kvk ung. kvk fullo. samtals

	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	samtals

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags: _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Skotanotkun: _____

Tegund kk ung. kk fullo. kvk ung. kvk fullo. samtals

	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	samtals

Skilahappdrætti UST 2007

Dregið var 07.02.2007 úr 5.087 skýrslum sem skilað var inn fyrir
1. febrúar 2007

1. verðlaun

Garmin eTrex Vista CX
staðsetningartæki með íslandskort
frá R. Sigmundssyni

Borgar Þórisson

Hvalskeri
451 Patreksfirði

2.-15. verðlaun Skotvopnabókin.

Meðferð og eiginleikar skotvopna,
eftir Einar Guðmann

2. Guðmundur Þorbjörn Björnsson

Smáraríma 27
112 Reykjavík

9. Bragi Guðnason

Flókagötu 23
105 Reykjavík

3. Albert Ómar Geirsson

Sævarenda 7
755 Stöðvarfirði

10. Vigfús Þorsteinsson

Uppsölum
560 Varmahlö

4. Torfi Emil Kristjánsson

Giljalandi 10
108 Reykjavík

11. Erlingur Hauksson

Fornastekk 14
109 Reykjavík

5. Jón Runólfur Karlsson

Reynihvammi 3
700 Egilsstöðum

12. Marínó Stefánsson

Mýrargötu 28b
740 Neskaupsstaður

6. Bjarki Jónas Magnússon

Þórunnarstræti 110
600 Akureyri

13. Þorsteinn Úlfar Björnsson

Mosgerði 20
108 Reykjavík

7. Bjarni Magnússon

Miðtúni
611 Grímsey

14. Jóhann Rúnar Sigurðsson


Ljósheimum 6
104 Reykjavík

8. Eiríkur Helgason

Ásgarði 10
108 Reykjavík

15. Guðmundur Viðar Pétursson

Hraunum
570 Siglufirði



GLÆSILEGASTA VEIÐIDEILD LANDSINS

Við höfum allt fyrir veiðimanninn.
Sérfræðingar okkar veita þér faglega
ráðgjöf og góða þjónustu.

INTERSPORT® VEIÐIDEILD

Bildshöfða 20 • Reykjavík • s. 585 7220

VEIÐIKORTAKERFIÐ




Ár	Fj. umsókna	Veiðikort			
		Útgefin	Greidd	Innkoma	Rekstur
1995	11.572	11.516	11.208	16,8	6,9
1996	12.764	12.664	12.496	18,75	6,9
1997	11.601	11.422	11.202	16,9	6,3
1998	10.871	10.671	10.556	16,8	4,8
1999	10.914	10.655	10.435	16,7	5,5
2000	10.909	10.588	10.503	19,9	5,6
2001	11.096	10.613	10.452	19,8	5,5
2002	11.203	10.685	10.619	20,2	5,7
2003	9.927	8.518	8.507	18,7	6,8
2004	8.119	7.725	7.720	16,7	7,9
2005	10.542	10.512	10.495	23,1	8,6
2006	10.382	10.032	10.028	22,1	9,2

Á seinasta ári var úthlutað úr veiðikortasjóði til eftirfarandi verkefna:

Heiti	Upphæð	Stofnun	Styrkþegi
Vöktun refastofnsins	2.300.000	Háskóli Íslands	Páll Hersteinsson
Rjúpnarannsóknir	6.600.000	Náttúrufr.st. Íslands	Ólafur Karl Nielsen
Íslenskir sjöfuglastofnar	1.800.000	Liffræðistofnun HÍ	Arnþór Garðarsson
Aldursgreining gæsa	1.263.400	VST	Arnór Þ. Sigfússon
Samtals	11.963.400		

Allt í skotveiðina



Fjölbreytt úrval
af skotvopnum frá
Winchester, Browning,
Bettinsoli, FAIR, Benelli
og Baikal.

Varmafatnaður frá Devold,
gönguskór frá Lomer,
neyðarblyis o.m.fl.

Komdu við hjá okkur áður en
þú heldur til veiða.

 **Ellingsen**

– fullt hús ævintýra

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is • Póstsendum um allt land
Tryggvabraut 1–3, Akureyri • Sími 460 3630

VEIÐITÖLUR

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Svarbakur	35.787	32.785	29.801	32.342	25.133	20.210	18.023	18.000		15.399	16.209
Silamáfur	22.340	22.390	27.625	34.030	19.865	26.742	17.753	23.224		19.955	19.268
Silfurmáfur	5.998	4.798	4.881	7.868	6.289	5.569	5.190	6.507		4.094	3.973
Hrafn	7.119	6.653	5.987	5.564	4.555	3.087	3.884	2.856		3.523	3.687
Grágæs	35.350	37.657	41.240	38.017	35.038	32.510	32.692	31.385		37.909	3.640
Heiðargæs	10.695	12.182	14.674	15.396	13.903	14.271	12.557	11.691		13.157	13.241
Blesgæs	3.237	2.947	3.185	3.245	3.319	3.563	3.710	2.951		3.576	3.190
Helsingi	1.876	1.619	2.629	2.283	1.376	1.412	1.409	925		1.123	1.472
Stökkönd	9.885	11.507	10.635	10.989	9.336	10.443	9.672	8.447		11.039	8.676
Urtönd	1.033	1.377	1.207	1.099	1.190	2.348	1.743	1.377		1.412	1.180
Rauðhöfðaönd	684	709	637	668	811	1.688	1.356	840		828	730
Duggönd	101	173	232	86	183	204	238	185		145	181
Skúfönd	126	70	158	203	473	82	103	91		147	127
Hávella	2.022	1.860	1.556	1.496	1.843	1.949	1.924	1.538		1.426	1.315
Toppönd	488	757	672	674	546	559	725	553		703	674
Hvitmáfur	3.942	4.546	3.771	3.187	5.496	4.251	3.111	2.592		1.909	2.848
Hettumáfur	2.958	2.696	2.854	2.306	1.910	1.527	1.274	1.216		969	1.551
Ríta	1.371	1.461	2.324	1.433	1.596	1.724	2.135	1.262		867	544
Dílaskarfur	2.550	2.980	2.762	1.894	1.657	2.161	3.352	2.365		2.389	1.904
Toppskarfur	5.128	6.499	4.423	2.257	2.237	2.783	3.811	3.163		2.357	2.184
Fyll	8.059	8.920	10.093	9.037	7.739	10.495	10.323	8.529		5.536	4.780
Álka	18.461	27.588	20.862	25.185	27.946	20.323	22.082	21.502		17.087	13.963
Langvía	52.867	65.179	59.529	65.612	59.797	66.567	52.839	58.927		38.061	26.404
Stuttnefja	15.114	20.489	15.443	18.495	21.673	16.572	17.288	15.205		14.054	7.591
Teista	3.424	4.082	3.942	3.876	4.882	4.692	4.852	3.281		2.954	2.759
Lundi	215.517	232.936	186.400	160.075	127.680	128.246	136.320	125.845		99.061	70.676
Rjúpa	123.392	158.363	166.129	159.188	153.263	129.200	101.548	79.584		1.005	79.478
Kjöi	2.617	2.292	1.993	1.752	1.302	1.293	1.183	1.022		1.372	782
Refur	3.677	3.535	3.957	4.523	4.905	5.415	5.403	5.696		6.458	6.866
Minkur	6.341	6.718	8.016	7.780	7.730	8.638	8.307	8.497		8.549	8.464
Hreindýr	329	361	260	300	406	359	462	553		863	799
Súla (ungar)	707	994	636	686	438	831	1.196	493		329	307

Veiditölur 2003 ónothæfar

Sóknardagar og áætluð stofnstærð

	2002	2004	2005	Stofnst. að vori *
Svartbakur	3.613		3.844	50.000
Silamáfur	2.755	1.939	3.255	25.000
Silfurmafur	1.712	978	1.156	4.000
Hrafn	1.660		1.802	2.500
Grágæs	8.887	8.397	9.834	83.000 Heildarfj. fugla að hausti á Bretl.eyj.
Heiðargæs	3.531		5.847	200.000 Heildarfj. fugla að hausti á Bretl.eyj.
Blesgæs	1.017	957	913	32.000 Heildarfj. fugla að hausti á Bretl.eyj.
Helsingi	329		401	32.000 Heildarfj. fugla að hausti á Bretl.eyj.
Stokkónd	3.884		4.150	10-15.000
Urtönd	571		538	3-5.000
Rauðhöfðaönd	328	382	348	4-6.000
Duggönd	80		141	4-6.000
Skúfönd	67	47	27	6-8.000
Hávella	366		212	1-3.000
Toppönd	210	275	179	2-4.000
Hvitmáfur	1.115	705	976	8.000
Hettumáfur	386	555	459	25-30.000
Ríta	920		85	900.000
Dílaskarfur	509		414	2-3.000
Toppskarfur	531		752	8-9.000
Fyll	920	1.332	568	1-2 milljónir
Álka	1.272	1.406	803	380.000
Langvía	1.968		3.872	990.000
Stuttnefja	1.045		3.318	580.000
Teista	650	474	330	20-30.000
Lundi	12.229		3.318	2-3 milljónir
Rjúpa	15.712	97	14.096	50-100.000
Kjói	737		259	5-10.000
Refur	3.025		4.136	3.900 fjöldi dýra að vori
Mínkur	4.662		5.374	>3.500 fjöldi dýra að vori
Hreindýr	738		793	2.500 fjöldi dýra að vori
Súla (ungar)	17	329	15	23.000

* Stofnstærð að vori - Varppör nema annað sé tekið fram

Athugið að heildarstofnstærð er ((varppör x 2) + ókynbrokka fuglar)

Dæmi: Stofn X að hausti ((75.000 x 2) + 700.000 ungar) = 850.000 fuglar

FRÍÐLÝST SVÆÐI Umhverfisstofnun



Kæru veiðimenn

Akstur utan vega er bannaður. Ástæða þess að reglugerð er sett um bann við akstri utan vega er sú að íslensk náttúra er auðlind sem taka verður tillit til. Gáleysisleg umgengni og átroðningur er líkleg til að valda miklum spjöllum og breytingu á ásýnd lands m.a. vegna veðráttu og norðlægrar legu landsins. Jarðvegur hér er ríkur af ösku, vikri og öðrum áfoksefnum. Hann er grófur og laus í sér og því auðrofinn. Á hælendinu einkennist gróðurþekjan víða af mosaríkem sverði og gisnum háplöntugróðri. Gróðurlendi sem þessi eru afar viðkvæm fyrir átroðningi. Láta fljótt á sjá og eru lengi að gróa upp. Sýnum því samstöðu – hlífum landinu við akstri utan vega.

Náttúruverndarsvæði

Umhverfisstofnun vekur athygli veiðimanna á því að hér á landi eru 89 fríðlýst náttúruverndarsvæði skv. lögum um náttúruvernd og þrjú með sér lögum. Sérstakar umgengnisreglur gilda á hverju svæði fyrir sig. Á eftirtöldum svæðum eru skotveiðar bannaðar með þeim undantekningum sem getið er. Á þeim svæðum sem ekki er getið í listanum er meðferð skotvopna ekki óheimil með vísan í náttúruverndarlög. Hinsvegar er landeigendum, sveitarstjórnum og hagsmunaaðilum heimilt að setja strangari reglur. Upplýsingar um gildandi reglur á fríðlýstum svæðum er að finna í auglýsingum B-deildar Stjórnartíðinda og á heimasíðu Umhverfisstofnunar www.ust.is

Svæði	Augl.nr.	Undantekningar frá banni
Suðvesturland		
Ástjörn	189/1978	
Ástjörn og Ásfjall	658/1996	
Eidey	119/1974	Skot bönnuð nær eyinni en 2 km.
Grötta	13/1984	
Tröllabörn í Lækjarbotnum	294/1983	
Varmarósar	506/1987	
Bakkatjörn	889/2000	Eyðing meindýra er heimil með leyfi umhverfisnefndar Seltjarnarness.
Hlið	549/2002	Sveitarstjórn Bessastaðahrepps getur þó veitt heimild til þess að verja fuglalíf fólkvangsins, t.d. vegna minks, en ávallt í samræmi við lög nr. 64/1994.

Kasthúsafjóm og aðliggjandi fjörur	663/2002	Sveitarstjórn Bessastaðahrepps getur veitt heimild til þess að verja fuglalíf svæðisins, t.d. vegna vargs, en ávallt í samræmi við lög nr. 64/1994.
Valhúsa hæð	81/1998	
Víghólsvæði	778/1983	
Vesturland		
Blautós og Innstavogsnes	166/1999	Bæjarstjórn Akraness getur veitt heimild til þess að verja varplönd fyrir hrafn og máfum.
Búðahraun	357/1979	
Einkunnir	480/2006	Öll meðferð skotvopna bönnuð, þarf heimild umsónarnefndar fólkvangsins til refa- og minkaveiða.
Geitland	283/1988	
Hraunfossar og Barnafoss	410/1987	
Húsafellsskógur	606/2001	
Hvanneyri	364/2002	
Meirakkaey	118/1974	Skot bönnuð nær eyinni en 2 km.
Ströndin við Stapa og Hellna	284/1988	
Snæfellsjökull	568/2001	
Vestfirðir		
Flatey	395/1975	Bændum er heimilt að bægja vargi frá æðarvörpum.
Hornstrandir	332/1985	Landeigendum eru heimilar hefðbundnar nytjar.
Hrisey	425/1977	Meindýraveiðar til varnar æðarvarpi eru heimilar.
Vatnsfjörður	96/1975	
Norðurland Vestra		
Guðlaugstungur	1150/2005	Heimilar eru veiðar á ref- og mink og heimilt er að eyða dýrum sem valda tjóni í samræmi við verndaráætlun og lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.
Hrútey í Blöndu	521/1975	Meindýraveiðar eru heimilar með leyfi bæjarstjórnar Blönduósþéjar.
Miklavatn	29/1977	Eyðinga meindýra er heimil.
Spákonufellshöfði	444/1980	

Norðurland Eystra

Böggvisstaðafjall	432/1994	Rjúpnaveiðar eru heimilar.
Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss	456/1996	Landeigendum eru heimilar dýraveiðar.
Friðland í Svarfaðardal	443/1980	
Herðubreiðarfriðland	272/1974	Meindýraveiðar bænda eru heimilar.
Jökulsárgljúfur	359/1993	
Krossanesborgir	162/2005	Bæjarstjórn Akureyrar getur veitt heimild til þess að verja fuglalíf fólkvangsins, t.d. vegna vargs, en ávallt í samræmi við lög nr. 64/1994.

Vestmannsvatn

	30/1977	Eyðing meindýra er heimil.
Austurland		
Dima í Lóni	523/1975	
Esjufljóll í Breiðamerkurjökli	188/1978	
Fólkvangur Neskaupstaðar	333/1972	Eyðing meindýra er heimil með leyfi náttúruverndarnefndar Neskaupstaðar.

Hólmanes

	393/1973	Meindýraveiðar til varnar æðarvarpi eru heimilar.
Hvannalindir í Krepputungu	32/1973	
Ingólfshöfði	388/1978	Hefðbundnar nytjar bænda.
Kringilsárrani	181/2003	
Lónsöræfi	31/1977	Veiðiréttur landeigenda er óbreyttur.
Ósland	427/1982	Eyðing meindýra er heimil skv. ákvörðun stjórnar fólkvangsins.

Salthöfði og Salthöfðamýrar

	249/1977	Eyðing meindýra er heimil.
Skaftafell	879/2004	Reglugerð
	879/2004	Veiðar á ref og mink eru heimilar samkvæmt ákvörðun Umhverfisstofnunar.
Skrúður	513/1995	Skot bönnuð nær eyinni en 500 m. Ábúanda er heimil hlunnindanýting.

Suðurland

Dyrhólaey	101/1978	Hefðbundnar nytjar bænda á æðarvarpi, fýl og lunda eru heimilar.
Dverghamrar	446/1987	
Gullfoss	141/1979	
Herðisarvík	121/1988	
Oddaflóð	634/1994	
Pollengi og Tunguey	457/1994	
Skógafoss	477/1987	
Surtsey	122/1974	Skot bönnuð nær eyinni en 2 km.
Pingvellir	Lög 47/2004	Veiðar á dýrum sem ekki samrýmast markmiðum friðunarinnar eru heimilar.
Þjórsvær	507/1987	

FUGLAMERKI

HVAÐ Á AÐ GERA VIÐ ÞAU?



Fuglar eru merktir með númeruðum málmhringjum/lithringjum/vængnælum til þess að afla upplýsinga um lifnaðarhætti þeirra, ferðir, lífslengd og dánarorsök. Á fuglamerkjum er pósthfang merkingastöðvar og raðnúmer, sem er tilvísun í upplýsingar um hvar og hvenær fuglinn var merktur.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur umsjón með fuglamerkingum á Íslandi og varðveislu gagna um endurheimtur. Þau 70 ár sem merkingar hafa verið stundaðar hér á landi hafa yfir 400.000 fuglar verið merktir. Aðeins örlitill hluti merkjanna kemur aftur í manna hendur og ræðst árangur fuglamerkinga af góðri samvinnu við finnendur. Upplýsingar sem ekki rata til réttara aðila koma engum að gagni. Þær eru jafn mikilvægar þótt margir merktir fuglar hafi náðst áður á sömu slóðum. Ef þú finnur eða veiðir merktan fugl, þá sendu merkið og upplýsingar um fuglinn til:

Náttúrufræðistofnun Íslands
Fuglamerkingar
Pósthólf 5320
IS - 125 Reykjavík

Lifandi fuglum við góða heilsu skal sleppt aftur með merkinu á. Á það skal bent að það er enginn glæpur að veiða merktan fugl, það er gert ráð fyrir því að þeir veiðist líkt og aðrir fuglar. En það er mjög mikilvægt að upplýsingum um merkta fugla sé skilað. Þeir sem skjóta merkta rjúpu eru beðnir að senda höfuð fuglsins ásamt merkinu.

Ef fuglinn er merktur með radiósendi þá er nauðsynlegt að fá sendinn aftur því hann er dýrt rannsóknartæki sem er hægt að endurnýta.

Helstu upplýsingar sem þurfa að fylgja eru eftirfarandi:

- (1) frá hvaða landi er merkið (nafn merkingastöðvar),
- (2) númerið á merkinu,
- (3) hvorrar tegundar fuglinn er talinn vera,
- (4) hvar fuglinn fannst (á sjó: hnit eða fjarlægð og stefna frá stað),
- (5) hvenær fuglinn fannst (dagsetning),
- (6) ástæður fundar (fundinn dauður, vængbrotinn, var skotin o.s.frv.),
- (7) nafn, heimilisfang og sími tilkynnanda (og finnanda sé hann annar),
- (8) senda merkið (og helst fuglinn, verði því við komið, hafi hann fundist dauður.

Finnendum eru sendar upplýsingar um hvar og hvenær viðkomandi fugl var merktur.

Með fyrirfram þökkum fyrir samstarfið
Náttúrufræðistofnun Íslands
sími 5 900 500, símbréf 5 900 595

Sérverslun skotveiðimannsins



Bíldshöfða 12 · Reykjavík · Sími 567 5333
Haukamýri 4 · Húsavík · Sími 464 1009
www.hlad.is



Úrdráttur úr lögum um veiðar

Athygli skal vakin á því að í Lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 er Umhverfisstofnun veitt heimild til þess að aflétta friðun á vissum fuglategundum. Á grundvelli þessara laga hefur Umhverfisstofnun gefið út reglugerð um Fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum nr. 456/94.

Fuglafríðunarákvæðið í reglugerð er það ákvæði sem er í gildi hverju sinni. T.d. er heimild í lögum til þess að aflétta friðun á súlu og skúm en ekki í reglugerð þannig að súla og skúmur njóta friðunar í dag en ungataka súlu er heimil. Einnig er veiðitímabil ýmissa fuglategunda s.s. grágæsa til 31. mars í lögum en til

15. mars í reglugerðinni og gildir þá sú dagsetning sem er í reglugerðinni. Ef breytingar verða á veiðitímabilum verður það auglýst m.a. á heimasíðu Umhverfisstofnunar www.ust.is. Á heimasíðunni er m.a. hægt að sjá myndir af öllum tegundum fugla sem má veiða, stutta lýsingu á þeim, veiðitölur frá 1995 og áætlaða stofnstærð þeirra.

Öllum þeim sem hafa aflað sér veiðikorts eru heimilar fuglaveiðar í almenningum utan landareigna lögbyla enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Landeigendum einum eru heimilar fuglaveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni.

Við veiðar er m.a. óheimilt að nota

1. Eitur eða svefnlyf.
2. Sprengiefni, bensín eða önnur efni til þess að svæla með gasi eða reyk.
3. Steina, barefli, eggvopn, skutta, stunguvopn eða áþekka hluti. Þó má nota barefli við hefðbundnar veiðar á fýls- súlu- og skarfsungum.
4. Net nema háf við lunda-, álku, stuttnefju-, og langvíuveiða. Fugla sem drepast í netum, sem lögð eru til fiskveiða eða kópaveiða má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf. Lifandi fugla skal greiða úr neti og sleppa.
5. Öngla eða önnur tól sem komið er fyrir í æti.
6. Snörur og snörulleka.
7. Fótþoga eða gildir.
8. Rafbúnað sem getur drepit eða rotað.
9. Segulbandstæki eða aðra rafknúna hljóðgjafa.
10. Ljósjafa.
11. Búnað til að lýsa upp skotmörk.
12. Spegla eða annan búnað sem blindar.
13. Búnað til þess að miða í myrkri með rafeindatækjum er stækka eða breyta ímyndinni.
14. Sjálfvirk skotvopn svo og handhlaðnar fjölskotabyssur (pumpur) og háltfsjálfvirk með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.
15. Lifandi dýr sem bandingja.
16. Hunda til þess að hlaupa uppi brád. Hunda má hins vegar nota til að finna brád og sækja særða eða dauða brád.
17. Vélknúin farartæki nema báta á sjó enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómílar meðan á veiði stendur. Vélknúin farartæki á landi, önnur en vélsleða og fjórhjól, má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Skot-

www.isnes.is

vopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 250 metra.

Óheimilt er að hleypa af skoti á landi nær fuglabjörgum en 200 m og á sjó nær en 500 m. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum. Óheimilt er að veiða fugla í sárum. Þar sem eggja- eða ungataka súlu, dílaskarfs, toppskarfs, fýls, skúms, hvítmafs, ritu, álku, langvíu, stuttnefju, teistu og lunda telst til hefðbundinna hlunninda, má nýta þau hlunnindi eftirleiðis. Þar sem veiði fullvaxinna lunda, álku, langvíu og stuttnefju í háf telst til hlunninda, má nýta þau hlunnindi eftirleiðis.

Veiðar þessar hefjast ekki fyrr en 1. júlí og ljúki eigi síðar en 15. ágúst.

Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni af völdum refa er friðun þeirra aflétt á tímabilinu 1. ágúst til 30. apríl. Þó geta bændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum skotið refi sem búfenaði eða

æðarvarpi stafar bein hættu af. Heimilt er að veiða mink allt árið um allt land nema á svæðum þar sem allar veiðar eru bannaðar.

Veiðimaður skal skrá alla veiði sína á veiðiárinu og skila veiðiskýrslu árlega á þar til gerðu eyðublaði.

Veiðiárið telst vera frá 1. janúar til 31. desember.

Veiðiskýrslu ber að skila þótt veiðimaður hafi ekkert veitt á árinu.

Skilyrði fyrir endurnýjun veiðikorts er að veiðiskýrslu um veiði síðasta árs sé skilað með umsókn um endurnýjun á veiðikorti. Umhverfisstofnun er óheimilt, án leyfis korthafa, að skrá veiði þannig að hægt sé að rekja saman veiðiskýrslu og veiðimann. Allir fuglar, þar með taldir þeir sem koma reglulega eða ífækjast til landsins, eru friðaðir nema þeir sem friðun hefur verið aflétt á eins og sjá má á töflu á bls. 48.

Birt með fyrirvara um breytingar á lögum og reglugerðum.



ÚRVAL AF
BYSSUM Á
vesturrost.is



RIFFLAR:

Voere, Tikka, Sako, Remington, Weatherby, Marlin, Savage, Henry, o.fl.

HAGLABYSSUR:

Benelli, Remington, Beretta, Lamber, Franchi, Zabala. o.fl.

SÉRPÖNTUM FLESTAR GERÐIR AF BYSSUM

Vesturröst ehf. • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík

Sími: 551-6770 • Fax: 581-3751 • www.vesturrost.is • vesturrost@vesturrost.is

VEIÐITÍMABIL

	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái	Júní	Júlí	Agúst	Septembar	Október	Nóvember	Desember	
Tegund													Veiðitími
Svartbakur													Allt árið
Silamáfur													Allt árið
Silfurmáfur													Allt árið
Hrafn													Allt árið
Grágæs													20.08 - 15.03
Heiðgæs													20.08 - 15.03
Fýll													01.09 - 15.03
Dílaskarfur													01.09 - 15.03
Toppskarfur													01.09 - 15.03
Blesgæs													Alfriðun
•Helsingi													01.09 - 15.03
Stökkönd													01.09 - 15.03
Urtönd													01.09 - 15.03
Rauðhöfðaönd													01.09 - 15.03
Duggönd													01.09 - 15.03
Skúfönd													01.09 - 15.03
Hávella													01.09 - 15.03
Toppönd													01.09 - 15.03
Hvitmáfur													01.09 - 15.03
Hettumáfur													01.09 - 15.03
Ríta													01.09 - 15.03
Álka													01.09 - 10.05
Langvía													01.09 - 10.05
Stuttnefja													01.09 - 10.05
Teista													01.09 - 10.05
Lundi													01.09 - 10.05
Rjúpa													Augl. síðar
Kjói													15.04 - 14.07


Aðeins í og með löglyst æðarvarp

ATH! Helsingi er friðaður til 25. sept. í A-Skaftafellssýslu og V-Skaftafellssýslu. Þar er kominn upp lítið alíslenskur varpstofn sem nauðsynlegt er að taka tillit til



Veidiland

Umboðsaðili Remington á Íslandi



"Stoð og stytta veiðimannsins svo langt sem elstu menn muna"

Remington®

Veidiland ehf. – Flugumýri 8 – 270 Mosfellsbær

Sími: 588 5830 – Fax: 588 5835 – Gsm: 698 6263 – www.veidiland.is